

# Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	SÁLF3FG05
Kennari:	Birta Antonsdóttir
Önn:	Vor 2025
Áætlun unnin:	5.1.2025

## Markmið:

### Pekkingarmarkmið:

*Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:*

- Félagssálfræði, helstu hugtökum hennar og rannsóknarniðurstöðum
- Greindarhugtakinu og mismunandi kenningum um greind
- Persónuleikanum og ólíkum kenningum um hann
- Mismunandi skoðunum fræðimanna á sálfræðilegum prófum og notkun þeirra
- Áhrifum erfða og umhverfis á mótun mannlegra eiginleika

### Leiknimarkmið:

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í:*

- Greina samskiptamynstur einstaklinga og hópa í umhverfi sínu
- Útbúa drög að sálfræðilegum prófum og leggja mat á þau
- Framkvæma sálfræðirannsókn og setja niðurstöður fram í skýrslu og fyrirlestri
- Undirbúa og taka þátt í rökræðum um efni áfangans
- Leggja mat á eigin vinnu og vinnu annarra nemenda í áfanganum

### Hæfnimarkmið:

*Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Skilja betur viðhorf og hegðun við mismunandi aðstæður, bæði hjá sjálfum sér og öðrum
- Taka afstöðu til og rökræða málefni sem tengjast sálfræðinni
- Miðla því sem nemandinn hefur lært í áfanganum
- Vinna sjálfstætt úr sálfræðilegum gögnum og leggja mat á þau

sem metið er með:

*Leiðsagnamati; Margskonar verkefnavinnu og kynningum sem er metið til einkunnar.*

## Námsefni:

Byggt á efni úr eftirfarandi bókum  
Introduction to psychology eftir Atkinson, R. og Hilgard, E. (16 útgáfa).  
Þroskasálfræði (2013). Höf: Aldís Unnur Guðmundsdóttir

## Námsmat:

Námsmat byggist upp á verkefnavinnu, ritgerð, skýrslu, prófum.

Verkefnavinna

40%

	Þemaverkefni	20%
	Próf	30%
	Lokaverkefni	10%
	Samtals	100%

<b>Skipulag náms:</b>
Námstilhögun:
Nemendur vinna verkefni og kynna þau fyrir öðrum nemendum með fjölbreyttum aðferðum.  Umræður fara fram á vef áfangans og í tímum, um efni sem tengist viðfangsefni áfangans og eru nemendur beðnir um að vera virkir í þeim umræðum. Nemendur vinna ýmiskonar ritgerðarvinnu og framkvæma allskonar tilraunir, þeir þurfa að vera tilbúnir að skila um tilraunirnar skýrslu samkvæmt kröfum FSN.
Um skilafrest og vanskil:
Nánast öll verkefni hafa skiladag til miðnættis á föstudag fyrir staðnema og miðnættis á sunnudag fyrir fjarnema og eftir að skilafrestur rennur út lokast skilabox. Ekki er hægt að skila verkefnum eftir það.
Námsmat:
Engin lokapróf eru í áfanganum heldur byggist námsmat á leiðsagnamati. En eftir hvert þema eru stutt próf sem gilda 10% hvor
Ábending til nemenda:
Í áfanganum fara fram umræður um viðkvæm málefni og oft koma nemendur inn á persónuleg málefni bæði í skipulögðum umræðum, spjalli og í verkefnakynningu. Ég vil minna nemendur á að allt sem fer fram í tímum er trúnaðarmál og það er ætlast til að nemendur haldi trúnað við aðra.

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
<b>Vika 1</b> 1. - 4. janúar	3. janúar – stundatafla birt	
<b>Vika 2</b> 5. – 11. janúar	6. janúar – kennsla hefst Greind	<b>Kynning á áfanganum</b> <b>Skil á verkefni 1</b>
<b>Vika 3</b> 12. – 18. janúar	13. janúar – framhaldsdeild í FSN <b>Fyrsta þema: Greind</b>	<b>Skil á verkefni 2</b>
<b>Vika 4</b> 19. – 25. janúar	<b>Greind</b>	<b>Skil á lokaverkefni um greind</b>

<b>Vika 5</b> 26. janúar – 1. febrúar	<b>Greind</b>	Próf úr greind Skil á verkefni 3
<b>Vika 6</b> 2. – 8. febrúar	<b>Annað þema: Félagssálfræði</b> <b>17. kafli Social influence</b> <b>18. kafli Social cognition</b>	Skil á verkefni 4 - félagssálfræði
<b>Vika 7</b> 9. – 15. febrúar	<b>Félagssálfræði</b>	<b>Verkefni 5 - félagssálfræði</b>
<b>Vika 8</b> 16. – 22. febrúar	17. – 18. febrúar – Námsmatsdagur <b>Félagssálfræði</b>	Skil á verkefni 6 félagssálfræði
<b>Vika 9</b> 23. febrúar – 1. mars	<b>Félagssálfræði</b>	Verkefni 7 – félagssálfræði
<b>Vika 10</b> 2. – 8. mars	2. mars – Valtímabil hefst 7. mars – Valtímabil lýkur <b>Félagssálfræði</b>	Skil á lokaverkefni úr félagssálfræði Próf upp úr félagssálfræði
<b>Vika 11</b> 9. – 15. mars	Þemavika 10. mars - Framhaldsdeild í FSN	Þemavika
<b>Vika 12</b> 16. – 22. mars	<b>Þriðja þema: Persónuleikasálfræði</b> <b>13. kafli Introduction to psychology</b>	Skil á verkefni 8 - persónuleikasálfræði
<b>Vika 13</b> 23. – 29. mars	<b>Persónuleikasálfræði</b>	Skil á verkefni 9 persónuleikasálfræði
<b>Vika 14</b> 30. mars – 5. apríl	<b>Persónuleikasálfræði</b>	Skil á verkefni 10 persónuleikasálfræði
<b>Vika 15</b> 6. – 12. apríl	<b>Persónuleikasálfræði</b>	Skil á verkefni 11 persónuleikasálfræði
<b>Vika 16</b> 13. – 19. apríl	Páskafri hefst	

<p><b>Vika 17</b> 20. – 26. apríl</p>	<p>Páskafrí Námsmatsdagar og sumardagurinn fyrsti.</p>	
<p><b>Vika 18</b> 27. apríl – 3. maí</p>	<p>1. maí – Verkalýðsdagurinn <b>Persónuleikasálfræði</b></p>	<p>Verkefni 11 Persónuleikasálfræði Próf úr persónuleikasálfræði</p>
<p><b>Vika 19</b> 4. – 10. maí</p>	<p>6. maí – Framhaldsdeild í FSN <b>Lokaverkefni</b></p>	<p><b>Lokaverkefni</b></p>
<p><b>Vika 20</b> 11. – 17. maí</p>	<p>15. maí – síðasti kennsludagur</p>	